



## Fréttabréf FFA febrúar 2024

### Fréttir úr starfinu

Laugardaginn 3. febrúar fóru tveir hópar á vegum FFA í Vaglaskóg.

Auk þess hófust sunnudagsgöngur FFA aftur.



Að öllu óbreyttu er gert ráð fyrir að framhaldsnámskeiðið á utanbrautarskiðum hefjist 20. febrúar en það er fullbókað.

---

### Næsta ferðakynning 15. febrúar

Þó svo skíðavertíðin sé rétt að hefjast þá er ekki ráð nema í tíma sé tekið að ákveða hvert þið viljið fara í sumar. FFA ætlar því að bjóða upp á kynningu á fimm lengri ferðum sumarsins 2024.

Þann 15. febrúar í húsnæði FFA við Strandgötu kl. 20 kynna nokkrir fararstjórar sínar ferðir.

#### Ferðir sem kynntar verða:

- Öskjuvegurinn-fimm daga trússferð, 21. - 25. júlí.
- Krepputunga - Sönghofsdalur, 6. - 7. júlí.
- Náttúruskoðun og sjálfsrækt á Glerárdal, 16. - 18. ágúst.
- Herðubreiðarlindir - Bræðrafell - Askja, 14. - 17. júlí.
- Helgarferð á Herðubreið, 16. - 18. ágúst.